

Föstudaginn 16. febrúar 1996 kl. 14:00

69. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 4/1996

## **Afnám viðskiptareglna bókaútgefenda og bókaverslana**

### **I.**

#### **Málavextir**

##### **1.**

Þann 3. nóvember 1995 samþykkti Samkeppnisráð álit nr. 9/1995 þess efnis að viðskiptareglur sem Félag íslenskra bókaútgefenda og Félag íslenskra bóka- og ritfangaverslana höfðu komið sér saman um nýverið rúmuðust innan undanþágu sem verðlagsráð hafði veitt sömu aðilum 11. nóvember 1981. Að álitum ráðsins fólust í hinum nýju reglum verulegar tilslakanir í frjálsræðisátt frá eldra samkomulagi sömu aðila. Samkeppnisráði leit því svo á að hið nýja samkomulag félli undir undanþágu samkeppnisyfirvalda sem veitt var árið 1981 og ráðið taldi enn vera í gildi, sbr. bráðabirgðaákvæði I í samkeppnislögum. Samkeppnisráð taldi því ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við viðskiptareglurnar. Hins vegar var því lýst yfir að samkeppnisyfirvöld muni fylgjast með samkeppnisstöðunni á bóksöllumarkaðnum með það fyrir augum að meta fyrir mitt ár 1997 hvort ástæða sé til þess að endurskoða álit sitt.

##### **2.**

Eitt veigamesta atriðið í samningi bóksala og bókaútgefanda, viðskiptareglunum, var að bóksöllum væri einungis heimilt að veita allt að 15% afslátt af smásöluverði sem útgefandi hefði ákveðið. Í Morgunblaðinu 5. desember sl, var þetta haft eftir formanni Félags bóka- og ritfangaverslana „...að við gerð fyrrgreindra viðskiptareglna hafi bókaútgefendur gefið yfirlýsingu um að ekki yrði dreift bókum til söluaðila ef þeir brytu ákvæði samkomulagsins um að veita ekki meira en 15% afslátt af bókum um jólin.“ Leiða má að því líkur að þetta atriði hafi verið veruleg forsenda og jafnframt ákvörðunarástæða af hálfu bóksala fyrir samkomulaginu við bókaútgefendur.

### 3.

Hinn 29. nóvember sl. auglýsti verslunin Bónus 20% afslátt af bókum og skömmu síðar veitti Kaupfélag Árnesinga 25% afslátt af bókum og Bónus bætti síðan um betur og bauð 30% afslátt. Var í fjölmiðlum talað um bókastríð eða verðstríð í bóksölu fyrir síðustu jól. Í kjölfar verðlækkunar umræddra verslana fóru bóksalar þess á leit við bókaútgefendur að dreifingarbann yrði sett á Bónus og KÁ. Með bréfi dags. 5. desember sl. höfnuðu bókaútgefendur að grípa til dreifingarbanns þar sem ekki hafði náðst samstaða innan þeirra raða. Í niðurlagi bréfs bókaútgefanda til bóksala segir orðrétt: „*Samkomulag Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana og Félags íslenskra bókaútgefanda um afsláttarsvigrúmið var heiðarleg tilraun til þess að koma í veg fyrir að verðsamkeppni á jólabókamarkaði færi alveg úr böndunum eins og fyrir síðustu jól.*

*Ljóst er að þessi tilraun hefur mistekist og það ber að harma.“*

Í blaðaviðtali komu fram viðbrögð formanns Félags bókaverslana við niðurstöðu bókaútgefenda. Þar segir formaðurinn orðrétt: „*Við hörmum niðurstöðu fundarins og að samningur, sem búið var að vinna að í heilt ár, skuli breyta um leið og brýtur á honum Það er óþolandi að samningsaðili okkar skuli ekki standa við gerðan samning.“*

Samkeppnisráð telur fullljóst að tilvitnuð ummæli sýni svo ekki verði um villst að ofangreindir aðilar líti svo á að forsendur fyrir viðskiptareglunum séu brostnar og þær því fallnar úr gildi.

Eins og áður er getið virtust margnefndar viðskiptareglur breyta þegar á reyndi. Ekkert virtist hamla því fyrir jólin að verslanir yrðu sér úti um allar þær bækur sem þær kusu, verðlegðu þær að vild og veittu allan þann afslátt sem þeim þóknaðist. Þessi skoðun var staðfest með auglýsingu Hagkaups hf. í Morgunblaðinu um miðjan desember þar sem boðinn var allt að 50% afsláttur af jólabókum.

### 4.

Með vísan til ofanritaðs töldu samkeppnisyfirvöld ástæðu til að kanna viðhorf Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana til þess að Samkeppnisráð felldi úr gildi álit ráðsins nr. 9/1995 og samþykkt verðlagsráðs frá 11. nóvember 1981. Voru félögunum send bréf þess efnis dagsett 22. janúar sl. sem voru ítrekuð 5. febrúar. Félögin hafa ekki talið ástæðu til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum til erindisins.

## II. Niðurstöður

Það er mat Samkeppnisráðs, samanber ummæli hlutaðeigandi aðila, að títtnefndar viðskiptareglur séu úr gildi fallnar sem leiðir til þess að undanþága samkeppnisyfirvalda frá 1981 hefur nú ekki þýðingu að lögum. Óheft samkeppni ríkir í sölu bóka, og ekkert bendir til þess að bóksalar og bókaútgefendur muni gera nýjan samning sem þá myndi þurfa að senda samkeppnisyfirvöldum til athugunar. Þykir Samkeppnisráði því eðlilegt að fella með formlegum hætti úr gildi þá samþykkt sem ráðið gerði á fundi sínum 3. nóvember 1995 sem kemur fram í álitni nr. 9/1995 auk þess að afturkalla heimild sem kom fram í bókun verðlagsráðs frá 11. nóvember 1981.

## III. Ákvörðunarorð:

**„Að ósk Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra bóka- og ritfangaverslana tilkynnti Samkeppnisráð í álitni sínu nr. 9/1995 að ráðið gerði ekki athugasemdir við sameiginlegar viðskiptareglur félaganna frá haustinu 1995. Fyrir jólin 1995 kom í ljós að aðilar viðskiptareglanna virtu þær ekki og voru þær í reynd úr gildi fallnar.**

**Af framangreindri ástæðu samþykkir Samkeppnisráð eftirfarandi:**

**Álit Samkeppnisráðs nr. 9/1995 um viðskiptareglur bókaútgefenda og bókaverslana er fellt úr gildi. Ennfremur er bókun Samkeppnisnefndar frá 11. nóvember 1981 þar sem bókaútgefendum og bókaverslunum var veitt undanþága frá 21. og 23. gr. laga nr. 56/1978 felld úr gildi.“**